

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 251. FUNDUR.

251. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 12. mars 2015 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

### Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti, Elín Jóna Rósinberg, varaoddviti, Elín R. Líndal, aðalmaður, Sigríður Elva Ársælsdóttir, varaaðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson, aðalmaður og Gunnar Þorgeirsson, aðalmaður

### Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

### Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

### Oddviti setti fund.

Oddviti óskaði eftir að taka af dagskrá fundargerð 157. fundar félagsmálaráðs þar sem fjallað var um hana á síðasta fundi sveitarstjórnar og taka á dagskrá sem 8. dagskrárlið 8. fundargerð hitaveituhóps frá því í morgun. Samþykkt með 7 atkvæðum.

### 1. Erindi frá Markaðsstofu Norðurlands um fjárstuðning við verkefnið „Fuglaklasinn Air 66N“.

Lögð fram tillaga um að sveitarstjórn hafni erindinu. Borið undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### 2. Fundargerðir byggðarráðs, formaður kynnti.

**Fundargerð 861. fundar**, frá 2. mars sl. Fundargerð í 17 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 12. dagskrárlið “sveitarstjórn samþykkir að Magnús Eðvaldsson verði formaður nefndarinnar.” Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum  
Fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 862. fundar**, frá 9. mars sl. Fundargerð í 9 liðum. Lögð fram eftirfarandi bókun vegna 7. dagskrárliðar: „Sveitarstjórn tekur undir bókun byggðarráðs um að riðuveikt fé fari í brennslu.“

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### 3. Fundargerð 157. fundar félagsmálaráðs. Tekin af dagskrá.

### 4. Fundargerð fræðsluráðs.

**Fundargerð 158. fundar** frá 3. mars sl. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**5. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.**

**Fundargerð 249. fundar** frá 11. mars sl. Fundargerð í 8 liðum.

Borinn undir atkvæði 1. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.  
Borinn undir atkvæði 2. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.  
Fram lögð eftirfarandi bókun vegna 3. dagskrárliðar. „Ólafur H. Stefánsson kemur inn á fundinn undir þessum dagskrálið og staðfestir að Landmótun hafi yfirfarið teikningar og þær uppfylli byggingarskilmála um smábýlalóðir“. Samþykkt með 7 atkvæðum.  
Borinn undir atkvæði 4. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.  
Borinn undir atkvæði 5. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.  
Borinn undir atkvæði 6. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.  
Borinn undir atkvæði 7. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.  
Borinn undir atkvæði 8. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

**6. Fundargerð landbúnaðarráðs. Oddviti kynnti.**

**Fundargerð 131. fundar** frá 5. mars sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**7. Skýrsla sveitarstjóra.** Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar.

**8. Fundargerð 8. fundar hitaveituhóps frá 12.03.2015.** Gunnar Þorgeirsson kynnti.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 16:10

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Gunnar Þorgeirsson.

---

Elín R. Líndal.

---

Valdimar Gunnlaugsson.

---

Sigríður Elva Ársælsdóttir.

---

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.